



Afreksstefna Hestamannafélagsins Sprettis - yngri flokkar -

Afreksstefna þessi lýtur að yngri flokkum Hestamannafélagsins Sprettis. Stefnan er endurskoðuð á hverju hausti.

Afreksstefna ÍSÍ skilgreinir einstaklinga og flokka sem skara fram úr í íþróttum á eftirfarandi hátt:

- Um framúrskarandi íþróttafólk eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afreksfólk eru þeir einstaklingar/flokkar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi.

Markmið hestamannafélagsins Sprettis með afreksstefnu þessari:

- Eiga hverju sinni afreksknapa sem skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum.
- Að einstaklingar í afrekshópi þroskist sem íþróttamenn og dafni í afreksmiðuðu umhverfi.
- Félagið ræður til sín færustu þjálfara sem völ er á og hafa þekkingu og getu til að ná hámarksárangri.
- Fáí einstaklingsmiðaða aðstoð í sinni iðkun upp að efsta stigi íþróttarinnar í sínum aldursflokki.
- Auki færni og öðlist reynslu til framtíðar í íþrótt sinni.
- Að búa iðkendum það góða aðstöðu að hún sé samkeppnisfær við það sem gerist best.
- Að uppfærða iðkendur um þætti sem hafa áhrif á hámarksárangur s.s. næringu, hvíld og sálræna þætti.
- Gangi stolt(ur) frá verkefni fyrir sitt framlag fyrir félagið.

Leiðarljós afreksstarfs hjá Spretti er:

- Jákvæð upplifun iðkenda
- Uppbyggilegt andrúmsloft
- Að iðkandi upplifi sig mikilvægan liðsmann hjá félaginu

Eins og segir í afreksstefnu ÍSÍ felur það í sér að „efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem vinna með afreksíþróttafólki, tryggja mögulega afreksíþróttafólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum íþróttafólks og efla þjálfarakunnáttu.“

Ábyrgðaraðilar og umsjón:

- Yfirþjálfari í samstarfi við stjórn félagsins ber ábyrgð á því að fylgja eftir afreksstefnu félagsins.
 - Er tengiliður stjórnar við þá aðila sem að afreksstefnunni koma.
 - Leiðbeinir iðkendum í samstarfi við reiðkennara eftir ákveðnum forsendum.

Hefðbundnar æfingar og námskeiðahald

Æfingar og námskeiðahald félagsins er grunnurinn að allri uppbyggingu allra aldursflokka og inn í afreksstarfið.

Forsendur fyrir afrekshóp

- Þátttakendur sem riðið hafa til úrslita í Meistaradeild Æskunnar eða Meistaradeild Ungmenna á síðustu tveimur árum
- Þátttakendur sem hafa á undanförnum tveimur árum riðið til úrslita á stórmótum
- Valin í U21 landslið á undanförnum tveimur árum.
- Iðkandi sem sýnt hefur miklar framfarir og sinnt þátttöku á stórmótum á síðustu tveimur árum (huglægt mat)

Hugtök/Skilgreiningar:

Stórmót

LM-Landsmót

ÍM-Íslandsmót

NM-Norðurlandameistaramót

HM-Heimsmeistaramót

Millimót

Fjórdungsmót

WR mót

Meistaradeildir æskunnar og ungmenna

Félagsmót Spretts

Minni mót

Minni opin mót

Landsliðspáttaka

Landsliðs knapar U21

Hæfileikamótun LH